

## Greiðslur til framleiðenda

### GREIÐSLUFYRIKJOMULAG TIL MJÓLKURFRAMLEIÐENDA

Lágmarksverð mjólkur, sem greitt er til mjólkurframleiðenda fyrir mjólk framleidda innan greiðslumarks, er ákvarðað af verðlagsnefnd búvöru. Verðið er miðað við svonefnda grundvallarmjólk, en það er mjólk með fitu- og próteininnihald sem er jafnt meðalefnainnihaldi mjólkur síðastliðinna þriggja verðlagsára. Lágmarksverðið miðast einnig við ákveðnar gæðakröfur (sjá síðar í ársskýrslu SAM). Afurðastöðvum í mjólkuriðnaði er skylt að greiða framleiðendum a.m.k. lágmarksverð fyrir þá mjólk sem tekið er á móti innan greiðslumarks hverju sinni. Fyrir utan tekjur vegna sölu mjólkur til afurðastöðva fá mjólkurframleiðendur greiðslur frá ríkisvaldinu samkvæmt samningi ríkis og bænda um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu.

### GREIÐSLUR AFURÐASTÖÐVANNA

Lágmarksverð fyrir 1. flokks mjólk innan greiðslumarks tekur breytingum eftir samþykktum verðlagsnefndar búvöru og ef breytingar verða á grundvallarmjólk í upphafi hvers verðlagsárs. Frá 1. desember 1993 hafa afurðastöðvar greitt framleiðendum eftir efnainnihaldi mjólkur, 25% miðað við fituinnihald og 75% miðað við próteininnihald meðalmjólkur. Greiðslum lágmarksverðs er skipt milli efnabátta á einingar samkvæmt efnainnihaldi viðmiðunarmjólkur. Lágmarksverð mjólkur og skipting þess á efnabætti, frá árinu 2008 eru sýnd í töflu 10.

Tafla 10. Lágmarksverð mjólkur og breytingar þess frá árinu 2008; Lágmarksverð og verð á efnabætti:

| Gildir frá | Skýring            | Lágmarksverð   | Viðmiðunarmjólk |         | Verð á efnabátt |         | Verð á einingu |         |
|------------|--------------------|----------------|-----------------|---------|-----------------|---------|----------------|---------|
|            |                    | krónur / lítra | Fita            | Prótein | Fitu            | Prótein | Fita           | Prótein |
| 1.1.2008   | Hækkun verðs       | 49,96          | 4,00%           | 3,35%   | 12,4900         | 37,4700 | 3,1225         | 11,1851 |
| 1.4.2008   | Hækkun verðs       | 64,00          | 4,00%           | 3,35%   | 16,0000         | 48,0000 | 4,0000         | 14,3284 |
| 1.9.2008   | Ný viðmiðunarmjólk | 64,00          | 4,00%           | 3,36%   | 16,0000         | 48,0000 | 4,0000         | 14,2857 |
| 1.11.2008  | Hækkun verðs       | 71,13          | 4,00%           | 3,36%   | 17,7825         | 53,3475 | 4,4457         | 15,8772 |
| 1.9.2009   | Ný viðmiðunarmjólk | 71,13          | 4,05%           | 3,35%   | 17,7825         | 53,3475 | 4,3908         | 15,9246 |
| 1.1.2011   | Ný viðmiðunarmjólk | 71,13          | 4,09%           | 3,34%   | 17,7825         | 53,3475 | 4,3479         | 15,9723 |
| 1.2.2011   | Hækkun verðs       | 74,38          | 4,09%           | 3,34%   | 18,5950         | 55,7850 | 4,5466         | 16,7021 |
| 1.7.2011   | Hækkun verðs       | 77,63          | 4,09%           | 3,34%   | 19,4075         | 58,2225 | 4,7452         | 17,4319 |
| 1.1.2012   | Ný viðmiðunarmjólk | 77,63          | 4,10%           | 3,33%   | 19,4075         | 58,2225 | 4,7336         | 17,4842 |
| 1.7.2012   | Hækkun verðs       | 80,43          | 4,10%           | 3,33%   | 20,1075         | 60,3225 | 4,9044         | 18,1149 |
| 1.1.2013   | Ný viðmiðunarmjólk | 80,43          | 4,11%           | 3,32%   | 20,1075         | 60,3225 | 4,8924         | 18,1694 |

### GREIÐSLUR FYRIR MJÓLK SEM FRAMLEIDD ER UMFRAM GREIÐSLUMARK

Mjólk sem framleidd er umfram greiðslumark og er unnin af afurðastöðvum skal markaðsfærð erlendis á ábyrgð mjólkursamlags og framleiðanda. Greiðslur afurðastöðva fyrir mjólk sem framleidd er umfram greiðslumark eru því háðar ákvörðun afurðarstöðvanna hverju sinni. Árið 2011 ákvað Auðhumla að verð fyrir umfram mjólkina skyldi annars vegar gilda fyrir fyrstu 2% umfram greiðslumarks hvers framleiðenda en hins vegar fyrir framleiðslu umfram greiðslumark sem næmi meira en tveimur prósentum. Verð fyrir umfram mjólk árið 2011 voru gefin út 1. maí og síðar aftur 1. september 2011. Árið 2012 ákvað Auðhumla verð á umfram mjólk þrisvar sinnum; það er 1. mars, 1. júní og 1. september.

Verðákvarðanir vegna umframmjólkur hjá Auðhumlu eru birtar í töflu 11 hér á eftir:

Tafla 11. Greidd verð Auðhumlu svf fyrir umframmjólk frá 1. maí 2011:

| Verð gildir frá   | Innan 2% marksins | Umfram 2%    |
|-------------------|-------------------|--------------|
| 1. maí 2011       | 45,00 kr/ltr      | 37,00 kr/ltr |
| 1. september 2011 | 50,00 kr/ltr      | 40,00 kr/ltr |
| 1. mars 2012      | 42,00 kr/ltr      | 36,00 kr/ltr |
| 1. júní 2012      | 37,50 kr/ltr      | 32,50 kr/ltr |
| 1. september 2012 | 38,00 kr/ltr      | 33,00 kr/ltr |

### GREIÐSLUR RÍKISSJÓÐS

Í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu er tiltekið hve háar fjárhæðir verða greiddar til stuðnings mjólkurframleiðslu á hverju verðlagsári. Heildarfjárhæðir beingreiðslna ríkisins eru ákvarðaðar fastar upphæðir á hverju verðlagsári samningstímans óháð heildargreiðslumarki. Af því leiðir að hækki greiðslumark þá lækka beingreiðslur á lítra, því sami stuðningur dreifist á fleiri lítra, lækki greiðslumark hækka greiðslur á hvern lítra að sama skapi. Fjárhæðir í samningnum voru miðaðar við verðlag 1. janúar 2004 og tóku samkvæmt samningnum mánaðarlegum breytingum þaðan í frá samkvæmt vísitölu neysluverðs (til verðtrygginga). Með breytingu á samningnum 18. apríl 2009 var fjárhæðum samningsins breytt og jafnframt ákveðið að verðlagsárið skyldi frá og með 1. janúar 2011 fylgja almanaksárum.

Samkvæmt reglugerð nr. 1084/2012 er greiðslumark verðlagsársins 2013 alls 116 milljónir lítra og beingreiðslur á tímabilinu 5.307 milljónir króna. Meðalbeingreiðsla verðlagsársins 2013 er því 45,75 kr/ltr (5.307 milljónir króna / 116 milljónir lítra = 45,75 kr/ltr). Samkvæmt búvörusamningi skulu beingreiðslur greiðast mánaðarlega og skal framkvæmdanefnd búvörusamninga ákveða greiðslutilhögun fyrir upphaf hvers verðlagsárs, að fengnum tillögum Landssambands kúabænda. Dreifing beingreiðslna og fráviksmörk eru nú ákvörðuð með reglugerð númer 1084/2012.

### VIÐMIÐUNARMJÓLK

Efnainnihald viðmiðunarmjólkur er meðalefnainnihald í mjólk á landinu síðustu þrjú verðlagsár. Ný viðmiðunarmjólk reiknast í upphafi hvers verðlagsárs og gildir fyrir það ár. Efnainnihald viðmiðunarmjólkur verðlagsárið 2012 var 4,10% fita og 3,33% prótein, en fyrir verðlagsárið 2013 er fita 4,11% og prótein 3,32%.

### ÞRÓUN Á LÁGMARKSVERÐI TIL MJÓLKURFRAMLEIÐENDA

Í eftirfarandi töflu er sýnt verð til framleiðenda 1. september síðustu 12 ár, miðað við mjólk með 4,2% fitu og 3,4% prótein að meðaltali. Verðið var 69,24 kr/litra 1. september 2000 og 124,27 kr/litra 1. september 2011.

Tafla 12. Verð til framleiðenda á lítra af mjólk með 4,2% fitu og 3,4% próteini pr. 1. sept. ár hvert 2000 – 2012.

| Greiðsla                 | 2000  | 2001  | 2002  | 2003  | 2004  | 2005  | 2006  | 2007  | 2008   | 2009   | 2010   | 2011   | 2012   |
|--------------------------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|--------|--------|--------|--------|--------|
| Afurðastöðvaverð á lítra | 37,35 | 39,1  | 41,61 | 42,97 | 44,00 | 45,52 | 46,76 | 49,79 | 65,37  | 72,59  | 72,59  | 79,20  | 82,32  |
| Beingreiðsla á lítra*    | 31,89 | 33,48 | 35,81 | 37,14 | 38,03 | 37,15 | 34,29 | 34,31 | 37,36  | 37,94  | 42,59  | 45,07  | 45,07  |
| Verð alls á lítra        | 69,24 | 72,58 | 77,42 | 80,11 | 82,03 | 82,67 | 81,05 | 84,10 | 102,73 | 110,53 | 110,53 | 124,27 | 127,39 |

\*Meðalbeingreiðsla á lítra á ársgrunni á verðlagi viðkomandi árs.